

Kjarasamningur
milli
Samtaka atvinnulífsins vegna Elkem Ísland ehf. annars vegar
og
Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga,
Stéttarfélag Vesturlands, Verkalyðsfélags Akraness og VR hins vegar.

1. gr.

Samningstími

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2022 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um heimild til framlengingar fer skv. 6. gr. samnings þessa.

2. gr.

Launaákvæði

1. janúar 2021 hækka laun um 5,8%

1. janúar 2022 hækka laun um 5,8%

3. gr.

Frammistöðuhluti launa, sbr. gr. 4.01.1, getur verið allt að 13,0% af mánaðarlaunum (föst laun, ferðapeningar, vaktaálag, yfirvinna, bakvaktargreiðslur og stjórnunarálag).

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að taka bónuskerfið til endurskoðunar, sjá bókun sem fylgir samningi þessum.

4. gr.

Orlofsuppbót og desemberuppbót

Orlofsuppbót árið 2021 verður kr. 238.923.

Desemberuppbót árið 2021 verður kr. 238.923.

Orlofsuppbót árið 2022 verður kr. 244.896.

Desemberuppbót árið 2022 verður kr. 244.896.

5. gr.

Grein 3.12. Orlofsuppbót orðist svo:

3.12.1. Fyrsta júní ár hvert skulu starfsmenn, sem unnið hafa hjá féluginu í heilt orlofsáráða lengur, fá greiðslu frá féluginu til að standa straum af hluta orlofskostnaðar (kr. 238.923 vegna ársins 2021).

3.12.2. Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 4 mánaða samfellt starf á árinu, skal við starfslok fá greidda orlofsuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Sumarafleysingamenn, sem vinna tilfallandi að lokinni sumarráðningu, eiga jafnframt rétt á hlutfallslegri uppbót svarenn vinnuframlag þeirra á orlofsárinu til a.m.k. 4 mánaða starfs í fullu starfi (584 klst. m.v. 5/5 vaktir).

JG
GG
HJ
VH
S2
1 af 3
BB
BZ
MM

6. gr.

Samkomulag er um forsendur þess að kjarasamningur þessi verði framlengdur til 31. desember 2023, án sérstakrar atkvæðagreiðslu, og eftir atvikum áfram til 31. desember 2024.

Akranesi, 18. maí 2021

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

Viljamur Birgir
Ragnar Þorsteinnsson
Hilmir Ólafsson
Sigríður Þórhallsdóttir
Hermann Þurðarson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

vegna Elkem Ísland ehf.

Teis Ósp Þorðarson
Ragnheiður Þórhallsdóttir

Sæ
Hólmur Þorsteinsson
Sæntur Þórhallsdóttir
Gudrun Sigurðardóttir
Jónas Ólafsson

Bókun um endurskoðun bónuskerfis

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða núgildandi bónuskerfi. Markmið endurskoðunar er m.a. að annar bónus taki við af kíslnýtingarbónus og kanna möguleika á að auka vægi markmiða sem hver deild/hópur mun setja sér. Nýtt kerfi taki gildi eigi síðar en 1. október 2021.

Samkvæmt gr. 4.01.1 í kjarasamningi er það hlutverk trúnaðarmannaráðs og stjórnenda Elkem að skilgreina mælikvarða bónuskerfis og skal miðað við að eðlileg frammistaða í samræmi við markmið aðila skili árlega 80% af hámarksbónus. Ef samstaða næst um að taka upp hópaskiptan bónus er heimilt að víkja frá ákvæði 2. málslíðar greinar 4.02.1 um að bónus sé sama hlutfall af launum fyrir alla starfsmenn.

Samningsaðilar eru sammála um að frá 1. janúar 2021 og þar til nýtt bónuskerfi tekur gildi verði greiddur fastur bónus, 10,4% (80% af 13%). Ef ekki næst samkomulag fyrir 1. október 2021 fellur fastur bónus niður en núgildandi bónus breytist þannig að bónusþak í 5S bónus verður 10% en kíslnýtingarbónus verður með óbreyttu þaki. Gildir það fyrirkomulag þar til samkomulag næst um annað.

Samkomulag er um að við uppgjör vegna tímabilsins janúar til maí 2021 verður greiddur mismunur á föstum bónus (10,4%) og markmiði meðalbónuss skv. eldri kjarasamningi. Heildarleiðréttung launa (umsamin hækkun launa skv. 2. gr. og bónusleiðréttung) verður því 7,75% vegna þessa tímabils.

Bókun um afleysingastarfsmenn í vaktavinnu

Samningsaðilar eru sammála um að afleysingastarfsmenn á vöktum fái greitt meðalvaktaálag með sama hætti og fastir starfsmenn.

Bókun um innlagða yfirvinnutíma

Samkvæmt gr. 3.06.2 er hámark innlagðra yfirvinnutíma 108 vinnustundir á einu ári, þ.e. á einu almanaksári er að hámarki heimilt að leggja inn 108 vinnustundir m.v. fullt starf allt það ár. Gert er ráð fyrir að starfsmenn taki að jafnaði út innlagða tíma innan árs frá innlögn þannig að hámark inneignar fari ekki yfir 108 vinnustundir á hverjum tíma. Starfsmönnum sem eiga inni fleiri innlagðra tíma verður gefið fullnægjandi svigrúm til úttektar umframtíma.

Bókun um vinnutíma á 7/7 vöktum

Elkem mun ásamt fulltrúum starfsmanna á 7/7 vöktum skoða með hvaða hætti bæta megi nýtingu vinnutíma og hvort stytta megi viðveru á vinnustað með því að breyta skipulagi hléa og eftir atvikum stytta eða fella niður kaffihlé. Stefnt er að því að samkomulag liggi fyrir eigi síðar en 1. október 2021 og verður þá samkomulagið boríð undir hlutaðeigandi starfsmenn til samþykktar eða synjunar. Meirihluti ræður niðurstöðu. Heimilt er að gera tímabundið samkomulag til reynslu.

JJ GGS JJ 3 af 3
Hc N) TGB B NH